



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

FANGELSI KVÍABRYGGJU,

STÆKKUN OG BREYTINGAR

SKILAMAT

DESEMBER 2014

EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAMAT	1
1.0 UNDIRBÚNINGUR	1
1.1 Lýsing verkefnis	1
1.2 Frumathugun.....	1
1.3 Áætlunargerð	1
1.4 Áætlun um stofnkostnað	2
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað	2
1.6 Áætlun um fjármögnun.....	2
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	4
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	4
2.2 Framvinda	4
2.3 Eftirlit og úttektir	6
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....	7
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir.....	7
3.2 Heildarkostnaður.....	8
3.3 Samanburður við áætlun.....	9
3.4 Einingarkostnaður og stuðlar	10
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....	11
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir	11
4.2 Árangur framkvæmdarinnar	11
4.3 Heimildaskrá	12
4.4 Staðfesting skilamats	12

ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra, og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing verkefnis

Í þessu skilamati verður gerð grein fyrir stækkun og endurbótum á Fangelsinu Kvíabryggju, Grundarfirði, sem unnið var að á árunum 2006 til 2008.

Verkkaupi var dóms- og kirkjumálaráðuneytið (nú innanríkisráðuneyti).

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa á lokastigi áætlunargerðar, verklegrar framkvæmdar og skilamats. Verkefnisstjóri var Sigurður Norðdahl hjá FSR.



Mynd 1: Kvíabryggja fyrir breytingar

1.2 Frumathugun

Gerð var forathugun á heildaruppbyggingu fangelsa af Stefáni P. Eggertssyni í september 2005. Þá var lögð fram frumáætlun að einstökum fangelsum. Frumathugun að Fangelsinu Kvíabryggju, Grundarfirði, var lögð fram í október 2005. Þar var áætlað að árið 2015 þyrfti um 22 fangapláss í opnu fangelsi og þar af 2 fyrir konur. Lagt var til að allri þessari þörf yrði mætt með stækkun og endurbótum á Fangelsinu Kvíabryggju, þar sem fyrir voru 14 fangapláss. Gert var ráð fyrir að íbúðarhúsi forstöðumanns yrði breytt í skrifstofur fangavarða og varðstjóra, kennslustofur og tómstundarherbergi auk tveggja fangaklefa fyrir kvenfanga.

Framkvæmdasýsla ríkisins vann umsögn um frumathugun í nóvember 2005. Heildarkostnaður á stigi frumathugunar var þar áætlaður 28,3 m.kr.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Vinna hönnuða hófst í byrjun febrúar 2006 en þá var umfang þess mótað. Snemma var lagt til að vegna eðlis verkefnisins skyldi farin sú leið að ganga sem skemmst fram í því að gera sérteikningar af öllum þeim breytingum sem innifaldar eru í verkefninu. Leggja skyldi meiri áherslu á ítarlega verklýsingu. Stungið var upp á þessari aðferð með það í huga að gera umfang hönnunar ekki meiri en nauðsyn krefði án þess þó að lausir endar væru skildir eftir m.t.t. umfangs verkefnisins. Það kæmi því í hlut verktaka að sjá um alla aðra hönnun sem þörf er á við framkvæmd verksins, og leggja fyrir verkkaupa til samþykktar. Verktaki skal einnig leggja fram þær sérteikningar til byggingarfulltrúa sem hann óskar eftir og fá samþykki hans á þeim.

Umfang verksins breyttist nokkuð frá frumathugun. Helstu breytingar voru meiri stækkun á samnotarými en upphaflega var gert ráð fyrir, endurnýjun á hitakerfi og bætt var við nýrri rotþró við hús forstöðumanns. Auk þess kom í ljós að ýmiss kostnaður við breytingar innanhúss var vanmetinn í frumathugun. Styrkingar burðarvirkja urðu einnig viðameiri en ráð var fyrir gert.

Ráðgjafar

Áætlunargerð var ekki í umsjón FSR.

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið:

Arkitektar voru Á stofunni arkitektar og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf (VST, nú Verkís) sá um alla verkfræðihönnun. Gert var ráð fyrir eftirfarandi ráðgjafakostnaði:

Hönnuður	kr.
Á stofunni arkitektar	1.800.000
VST hf.	1.800.000
Samtals	3.600.000

Þar sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af hönnunarbókun eru fjárhæðir í töflunni settar fram án VSK eins og í reikningslegu uppgjöri í kafla 3.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í nóvember 2006, var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Ráðgjöf	5,20
Umsjón og eftirlit	4,50
Verkframkvæmd	34,10
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	0,80
Búnaður og listskreyting	0
Samtals	44,60

Allar fjárhæðir í töflunni eru með VSK nema ráðgjöf, umsjón og eftirlit


Í liðnum verkframkvæmd eru meðtalin áætluð aukaverk og áætlaðar verðbreytingar á framkvæmdatíma nema annað sé tekið fram.

1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Samkvæmt áætlun Fangelsismálastofnunar, sem fram kemur í frumathugun frá september 2005 hækkar rekstrarkostnaður úr 60,5 m.kr. í 89,2 m.kr. á ári við breytingarnar. Á móti kemur að fangaplássum fjölgar úr 14 í 22 og verður rekstrarkostnaður á hvert fangapláss 4,1 m.kr. í stað 4,3 m.kr. árið 2004.

1.6 Áætlun um fjármögnun

Í bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 9. október er vísað í fjárlög ársins 2006 þar sem fram kemur að framkvæmdir á Kvíabryggju verða fjármagnaðar með ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum.



Mynd 2: Grunnmynd 1. hæðar



Mynd 3: Útlit

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 7. nóvember 2006, að hefja mætti verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Boðin var út framkvæmdin Fangelsi Kvíabryggju – Stækkun og breytingar.

Í auglýsingu útboðsverksins segir meðal annars að um óhefðbundið útboð sé að ræða, þar sem bjóðendur fá afhentar aðalteikningar arkitekta og sérteikningar. Það kemur svo í hlut verktaka að sjá um alla aðra hönnun sem þörf er á.



Mynd 4: Á framkvæmdatíma

Vistherbergjum í fangelsisbyggingu er fjölgað um sex og verða því alls 20. Byggt er við borðstofu og snyrtingu, anddyri stækkað og innskot tekið af. Breytingar eru gerðar á borðsal, setustofu, bað- og snyrtiaðstöðu, starfsmannaaðstöðu, skrifstofum fangavarða, tölvu- og föndurherbergi, anddyrum, viðtalsherbergi og símarýmum. Innra skipulag fangelsisbyggingarinnar breytist, en ný rými bætast við og önnur stækka og nokkur falla út eða færast til.

Íbúðarhúsi forstöðumanns verður breytt í skrifstofu, kennslurými og fundaraðstöðu auk möguleika á tveimur fangaklefum. Skrifstofa forstöðumanns er aðskilin með nýjum vegg í stofu og nýjum inngangi frá anddyri. Breyting á raflögn er að mestu í núverandi stofu. Baðherbergi er endurnýjað. Þá verður sett upp götulýsing á milli fangelsisbyggingar og skrifstofuhúss.

Tilboð voru opnuð 19. desember 2006. Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi:

Niðurstöður útboðs	kr.	hlutfall
Landsmenn ehf. og GG lagnir ehf.	31.172.900	84,71%
Blómvellir ehf.	34.972.200	95,03%
Kostnaðaráætlun	36.800.000	100,0%

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætluð aukaverk, sem ekki koma þó til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmdatímanum. Í samningi við verktaka eru aukaverkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.

Þann 7. febrúar 2007 var tilboði Landsmanna ehf. og GG lagna ehf. að fjárhæð 31.172.900 kr. með vsk. tekið, sem var 84,7% af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því að fjárhæð kr. 29.593.900.

2.2 Framvinda

Samkvæmt verksamningi voru verklok áætluð 20. ágúst 2007. Hafist var handa við verkið 15. febrúar sama ár. Var þá byrjað á því að rífa gamlar klæðingar og í framhaldi af því var grafið frá húsinu og sökklar steiptir upp undir samnotasal og baðaðstöðu. Viku síðar var byrjað á breytingum á skrifstofuhúsnæði en þeirri vinnu var að mestu lokið í júní. Uppsteypu á viðbyggingum sem hýsa baðherbergi og samnotarými var lokið í byrjun júní. Í byrjun mars hófst vinna við breytingar á suðurenda fangelsisbyggingar og voru herbergin að mestu fullfrágengin í júnílok.



Mynd 5: Á framkvæmdatíma



Mynd 6: Endurbætt hreinlætisaðstaða

Nokkur seinkun var orðin á framkvæmdum um miðjan maí og má meðal annars rekja það til óhagstæðs veðurfars frá verkbyrjun. Á verkfundi 15. maí fór verktaki fram á framlengingu vegna ýmissa breytinga á verkinu, ósamræmis á teikningum og tafa á afhendingu teikninga í upphafi verks og breyttum teikningum í byrjun maí. Fallist var á alls 9 daga framlengingu á verkinu vegna tafa í upphafi verks og vegna breytinga og bið eftir ákvörðun á hæðarlegu veggja í viðbyggingum.

Verklok voru þar með áætluð 31. ágúst 2007. Á verkfundi 15. ágúst var farið vel yfir stöðuna og talið raunhæft að ljúka verkinu 15. september. Þá höfðu enn verið gerðar breytingar á vaktrýminu og það fært niður á ganginn og því þurfti að brjóta og fjarlægja tröppurnar á þessu svæði og skilvegginn á ganginum þar sem rafmagnstaflan var. Aftur á móti var færslan á vaktrýminu frekar talin til bóta. Hins vegar voru allar slíkar breytingar svona seint á verk tímanun til þess fallnar að styrkja stöðu verktakans. Ljóst var auk þess að búast mátti við töfum á epoxylögnum þar sem þær voru framkvæmdar af undirverktökum frá Reykjavík.

Við lokaúttekt verkkaupa þann 4. október 2007 voru teknir saman allir verkþættir sem eftir voru taldir í verkinu ásamt öðru sem bættist við

undir lok verksins. Bæta skyldi úr athugasemdum sem fyrst af hálfu verktaka og eigi síðar en 12. okt. 2007. Tekið var fram að beita mætti verktaka dagsektum frá og með lokum ofangreinds frests ef ekki væri staðið við að ljúka verkinu í öllum meginatriðum innan tilgreinds frests.

Þó nokkuð ósamræmi var í útboðsgögnum og má rekja góðan hluta auka- og viðbótarverka til þess, en gleymst hafði að setja í verklýsingu og í magnskrá ýmislegt sem fram kom á teikningum eða sem reiknað var með að kæmi. Einnig vantaði ýmislegt í gögn sem í ljós kom við rif og breytingar til undirbúnings verksins. Þá bar einnig á því að ekki gekk almennilega upp að framkvæma sumt samkvæmt teikningum og útboðsgögnum.



Mynd 7: Endurbætt hreinlætisaðstaða

Aukaverk námu alls 5.183 þús kr. Í skrifstofubyggingu kom í ljós að endurnýja þurfti allar frárennslislagnir áður en farið var út í endurnýjun á baðherbergi og starfsmann-aðstöðu. Einnig kom í ljós að ofnalögn og 12 ofnar voru ónýtir og hreinlætistæki í slæmu ástandi. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum verkliðum í útboðsgögnum. Heildarkostnaður nam um 1.500 þús.kr.

Í fangelsisbyggingu kom í ljós ýmislegt vegna óskýrra gagna. Í burðarvirki, einangrun, gólfefnum, klæðningum og frágangi innanhúss námu aukaverk alls um 2.400 þús.kr. Breytingar á inngangi, reyksvæði og útihurðum námu um 700 þús.kr. Í lögnum, hreinlætistækjum og raflögnum námu aukaverk alls um 540 þús.kr.

Viðbótarverk námu alls 2.818 þús. kr. Breyting á gólfefnum nam alls um 1.200 þús.kr. en parket var valið í stað dúks og flísa í vaktherbergi og nokkrum rýmum í suðurenda fangelsisbyggingarinnar. Valið var að breyta fyrirskrifuðu efnis í gluggakörmum og bæta við opnanlegum fögum í gluggum og öryggisgleri að fjárhæð um 420 þús.kr. Kostnaður við frágang á lóðinni nam um 450 þús.kr. og auk þess var ýmislegt annað gert til endurnýjunar í lögnum, hreinlætistækjum, raflögnum og frágangi utan- og innanhúss sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í útboðsgögnum.



Mynd 8: Aðstaða vistmanna

Á móti auka- og viðbótarverkum komu hins vegar magnminnkanir í magnskrá til frádráttar. Alls námu magnminnkanir um 3.187 þús kr.

Með bréfi þann 2. febrúar 2007 kæra Blómvellir ehf. afgreiðslu FSR á útboðinu aðallega vegna dráttar á samþykki tilboðs lægstbjóðanda en 7 vikur liðu frá opnun tilboða þar til tilboðið var formlega samþykkt. Kærufélag útboðsmála hafnaði kröfu kæranda.



Mynd 9: Æfingasalur

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar hafði Sigurður Norðdahl starfsmaður FSR.

Samskipti við hönnuði og verktaka gengu vel og ekki kom til neinna árekstra á framkvæmdatímanum.

Lokaúttekt byggingarfulltrúa fór fram 2. október 2007 og lokaúttekt verkkaupa fór fram 4. október 2007 eins og áður hefur komið fram. Ábyrgðarúttekt fór fram ári síðar.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir

Yfirlit áfallins kostnaðar og innborgana			
Áfallinn kostnaður			Innborganir til FSR
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur ráðun. á verðlagi hvers árs kr.
2005	150.500	47.869	0
2006	4.079.035	1.195.146	1.500.000
2007	36.334.591	9.754.253	37.982.556
2008	3.064.315	707.041	3.000.000
2009	350.000	71.516	0
2010	0	0	1.145.885
2011	0	0	350.000
Samtals	43.978.441	11.775.825	43.978.441
	Innborganir til FSR samtals		43.978.441

Í töflu 3.3 er raunkostnaður sýndur á verðlagi hvers árs og einnig á þeirri vísitölu sem áætlaður kostnaður var settur fram á. Þannig er samanburður gerður á sama verðlagi. Viðbótarverk eru tilgreind neðst í töflunni því um er að ræða kostnað sem ekki var tekinn með í áætluninni og því ekki hluti þess sem tekið er til samanburðar.

3.2 Heildarkostnaður

Sundurliðun kostnaðar		
	kr.	samtals kr.
Samningsverk		
Ráðgjöf		
Hönnun	3.734.113	
Ráðgjöf önnur en hönnun	175.330	
Kostnaður tengdur ráðgjöf	8.819	
Kostnaður samtals		3.918.262
Umsjón og eftirlit		
Umsjón með verkefni	5.651.902	
Eftirlit með verklegri framkvæmd	0	
Kostnaður samtals		5.651.902
Verkframkvæmd		
Samningsgreiðslur	29.593.900	
Magnbreytingar	-3.187.000	
Aukaverk	5.183.357	
Verðbætur	0	
Kostnaður samtals		31.590.257
Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma		
Opinber gjöld	0	
Rekstur á framkvæmdatíma	0	
Kostnaður samtals		0
Búnaður og listskreyting		
Búnaður	0	
Listskreyting	0	
Kostnaður samtals		0
Samningsverk samtals		41.160.421
Viðbótarverk		
Verkframkvæmd	2.818.020	
Búnaður	0	
Viðbótarverk samtals		2.818.020
Heildarkostnaður		
Heildarkostnaður við stækkun og breytingar á Fangelsinu að Kvíabryggju		43.978.441
Heildarkostnaður í m.kr.		44,0

Í töflu 3.2 er heildarkostnaður sundurliðaður eftir kostnaðartegundum. Kostnaður við verkframkvæmd er samantlagðar samningsgreiðslur, magnbreytingar, aukaverk og verðbætur en viðbótarverk eru tilgreind sérstaklega.

3.3 Samanburður við áætlun

Samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði

	Raunkostnaður á verðlagi hvers árs m.kr.	Áætlun á verðlagi BVT 354,4 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi BVT 354,4 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur %
Samningsverk				
Ráðgjöf	3,9	5,2	4,0	-23%
Umsjón og eftirlit	5,7	4,5	5,3	18%
Verkframkvæmd	31,6	34,1	29,9	-12%
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	0,0	0,8	0,0	-100%
Búnaður og listskreyting	0,0	0,0	0,0	
Samningsverk samtals	41,2	44,6	39,2	-12%
Viðbótarverk				
Verkframkvæmd	2,8		2,5	
Búnaður	0,0		0,0	
Viðbótarverk samtals	2,8		2,5	
Heildarkostnaður í m.kr.	44,0		41,7	

Í töflu 3.3 er raunkostnaður sýndur á verðlagi hvers árs og einnig á þeirri vísitölu sem áætlaður kostnaður var settur fram á. Þannig er samanburður gerður á sama verðlagi. Viðbótarverk eru tilgreind neðst í töflunni því um er að ræða kostnað sem ekki var tekinn með í áætluninni og því ekki hluti þess sem tekið er til samanburðar.

3.4 Einingarkostnaður og stuðlar

Einingarkostnaður

	Stærðir	Einingarkostnaður
Á verðlagi hvers árs	m ²	kr. / m ²
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	250,0	175.914
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt. 1987 = 100)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	250,0	47.103
Á verðlagi 1. janúar 2010 (nýbvt. = 100)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	250,0	236.035
Á verðlagi í nóvember 2014 (nýbvt. = 120,6)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	250,0	284.658
Á verðlagi í nóvember 2014 (bvt. 1987 = 604,26)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	250,0	284.598

Í töflu 3.4 er fermetrastærð flatar sem framkvæmdin náði til og heildarkostnaður á fermetra á mismunandi verðlagi. Efst á verðlagi hvers árs, það er meðaltal verðlags á þeim tíma þegar greitt var, þá verðlag á byggingarvísitölu 100, og neðst í töflunni á verðlagi í útgáfumánuði skilamatsins. Séu búnaðarkaup hluti af framkvæmdinni eru framangreindar tölur tilgreindar bæði með og án búnaðar.

Stuðlar

Magntölustuðull	0,892
Aukaverkastuðull	1,175
Viðbótarverkastuðull	1,095

Hugtakaskýringar vegna stuðla

Magntölustuðull er mælikvarði á nákvæmni magntalna í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna magnbreytinga og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $MS = 1 + \text{kostnaður vegna magnbreytinga} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engar magnbreytingar eiga sér stað, hann verður stærri en 1 ef magn eykst við framkvæmd verksins og minni en 1 ef magnminnkun verður.

Aukaverkastuðull er mælikvarði á nákvæmni eða gæði útboðsgagna en aukaverk eru skilgreind sem sá aukakostnaður sem verður til í hverju verki vegna ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna aukaverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $AS = 1 + \text{kostnaður vegna aukaverka} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engin aukaverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til aukaverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull verður aldrei minni en 1.

Viðbótarverkastuðull er mælikvarði á gæði undirbúnings verksins en viðbótarverk eru skilgreind sem sá viðbótarkostnaður sem til verður í hverju verki vegna ákvarðana verkkaupa um breytingar (viðbætur) á verkinu á framkvæmdatíma. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna viðbótarverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.

Viðbótarverkastuðull = VS = $1 + \text{kostnaður vegna viðbótarverka} / \text{samningsfjárhæð}$

Stuðullinn verður því einn ef engin viðbótarverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til viðbótarverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull getur orðið minni en einn ef verkkaupi tekur ákvörðun um að breyta verki til kostnaðarlækkunar, t.d. með því að gera minni kröfur til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.



Mynd 10: Kvíabryggja eftir breytingar

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar bornar eru saman álíka stórar byggingar til sömu eða svipaðra nota. Almenn tækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem framkvæmd er stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í byggingum.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnað á m² án búnaðar miðað við byggingarvísitölu 100 í júlí 1987.

Bygging	Stærð í m ²	Kostn./m ²
MR Casa Nova	1.448	51.838
Fangelsið að Kvíabryggju	250	47.103

4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Til samanburðar er tekið eitt verkefni sem telja verður nokkuð sambærilegt þar sem gagngerar endurbætur voru gerðar á minnihluta byggingarinnar en að öðru leyti voru lagfæringar og breytingar í mun minna mæli á öðrum og stærrihluta húsnæðisins. Eins og fram kemur í töflu 3.2 var heildarkostnaður 44,0 m.kr. á verðlagi hvers árs.

Í töflu 3.3. kemur fram að áætlað var að verkið kostaði samtals 44,6 m.kr. og raunkostnaður samningsverksins á sama verðlagi var 39,2 það er 12% lægri.

Í töflu 3.4. eru stuðlar sem greina hlutfallslegan kostnað og kemur þar fram að magnminnkun varð í verkinu, aukaverk voru 17,5% en viðbótarverk 9,5%. Sjá skýringar í kafla 2.2. Engu að síður telst fjárhagslegur árangur í heild sinni góður.

Sú leið að láta verktaka um hönnun og verkeikningar virðist ekki hafa heppnast sem skildi. Þó nokkrar breytingar komu fram sem gera þurfti á grunngögnum arkitekta á verktímanum vegna þess að útfærslan gekk ekki upp. Þetta hafði í för með sér tafir og aukinn kostnað umfram það sem gert var ráð fyrir í upphafi verksins. Óhætt er að segja að flest allar breytingar hafi skilað sér í betra verki og verið til bóta almennt séð. Við endurbætur á eldra húsnæði kemur óhjákvæmilega í ljós ýmislegt sem ekki var hægt að sjá fyrir. Þegar á heildina er litið tókust endurbætur á húsnæðinu vel.

4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001.

Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. sept. 2001.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Teikningar og myndir á verktíma ú verkmöppu.

4.4 Staðfesting skilamats

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri